

13. desember 1988

1311

Nr. 534

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

1. gr.

Við 1. tl. 1. gr. bætist nýr tl. er verður 22. tl. og orðist svo:

22. Móttökustöðvar, þar sem fram fer flokkun, böggun og önnur meðhöndlun á úrgangi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. desember 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

13. desember 1988

Nr. 535

AUGLÝSING

um starfsleyfi fyrir sorpeyðingarstöð Suðurnesja.

1. Almenn ákvæði.

- 1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir eyðingu á heimilis-, iðnaðar- og verslunarsorpi í sorpeyðingarstöð Suðurnesja.
- 1.2. Eigi má breyta eða auka þennan rekstur ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.
- 1.3. Skylt er að sjá um, að á öllu athafnasvæðinu sé gætt fyllsta hreinlætis, eftir því sem kostur er á og umhverfið sé snyrtilegt.
- 1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2. Varnir gegn mengun ytra umhverfis.

- 2.1. Þeir aðilar, sem framleiðsluúrgangur og sérstakur úrgangur fellur til hjá, sjá um alla meðferð og aðflutning úrgangsins í samráði við heilbrigðisnefnd. Sveitarstjórn getur ákveðið í samráði við heilbrigðisnefnd að mismunandi tegundum þessa úrgangs sé haldið aðgreindum í nýtingarskyni.
- 2.2. Þeim hluta sérstaks úrgangs, sem telst hættulegur, má ekki blanda saman við annan úrgang. Einstökum tegundum hættulegs úrgangs skal auk þess halda aðgreindum í samráði við Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnd.

- 2.3. Leitast skal við að flokka úr sorpinu efni og hluta sem geta valdið mikilli mengun við bruna og eru því óæskileg í reyknum, öskunni og öðru því sem frá sorpbrennslunni kemur. Hér er átt við efni og hluti sem innihalda kadmíum, blý, kvikasilfur, klór o.fl.
- 2.4. Takmarka skal brennslu á bíldekkjum og stærri plasthlutum svo sem kostur er á og leita leiða til endurnýtingar.
- 2.5. Ekki er leyfið urðun á ösku, ryki úr hreinsibúnaði eða öðrum úrgangi frá brennslunni á athafnasvæði sorpbrennslustöðvarinnar. Ef nauðsyn er á að geyma ösku, ryk og slíkt tímabundið á athafnasvæði stöðvarinnar skal það gert þannig að ekki fjúki úr öskunni, né kælivatn eða annað sigvatn renni í jarðveginn.
Mælt er með að ofan nefnt sé geymt í þar til gerðum lokudum gámum.
Einungis skal urða ösku, ryk og annan úrgang úr brennsluofni á stað sem mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins hafa samþykkt til þeirrar notkunar og hefur í framhaldi af því fengið staðsetningar- og starfsleyfi frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.
- 2.6. Frá stöðinni má ekki stafa óeðlilega slæm lykt. Til að koma í veg fyrir þetta þarf að halda undirþrýstingi í losunarturni. Soglofti skal blásið í sorpbrennsluofn eða í reykháf.
- 2.7. Úrgang, sem kann að berast frá sorpeyðingunni út fyrir afgirt athafnasvæði hennar, skal hreinsa upp reglulega.
- 2.8. Sérstakur staður skal vera fyrir brotamálma innan girðingar stöðvarinnar, en ekki er leyfilegt að brotamálmar verði urðaðir, heldur leitast við að þeir fari til brotamálmsvinnslu eftir því sem tók eru á.
- 2.9. Leiðbeiningarskiltum skal koma upp þar sem opnunartímar eru kynntir ásamt umgengni um svæðið og hvar losun eigi að fara fram.
- 2.10. Koma skal upp jarðvegshólum til að byrgja sýn inn á athafnasvæði sorpeyðingarstöðvarinnar.
- 2.11. Á hverri vinnuvakt í stöðinni skal vera vaktstjóri sem hefur góða þekkingu á öllum búnaði stöðvarinnar, hér með talið skráningu upplýsinga, virkni hreinsibúnaðar ásamt þekkingu á ákvæðum starfsleyfis þessa.
- 2.12. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós kemur hættu á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings eða vegna röskunar lífríkis.

3. Eftirlit og gildistaka.

- 3.1. Starfsemi sorpeyðingarstöðvarinnar fellur í annan gjaldskrárflokk skv. gjaldskrá nr. 355/1986.
- 3.2. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér megnun, sem sett er með stöð í 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. nú lög nr. 81/1988 með sama heiti, öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. desember 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.